

11. fundur veitustjórnar haldinn þriðjudaginn 29. mars 2016 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps og hófst hann kl. 14:30.

Fundinn sátu: Páll Jóhannsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Axel Thorsteinson, Kolbrún Haraldsdóttir, Halldóra Hjörleifsdóttir, Esther Guðjónsdóttir, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Skattamál Hitaveitu Flúða.

Hannibal fór yfir skattamál Hitaveitu Flúða. Upplýst var að búið er að kæra afgreiðslu Ríkisskattstjóra til Yfirkattanefndar hvað varðar eldri álagninguna. Síðan er áfram verið að athuga hvort ekki verið fallist á að breyta lögum vegna þessa máls.

2. Ársreikningur Hitaveitu Flúða 2015.

Fyrir liggur ársreikningur Hitaveitu Flúða fyrir árið 2015. Jón fór yfir helstu kennitölur reikningsins. Rekstrartekjur ársins eru kr. 62.286.731. Rekstrargjöld ársins eru kr. 41.028.588. Afskriftir eru kr. 5.449.879. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru samtals neikvæð um kr. 1.682.420. Hagnaður ársins eftir skatta er kr. 5.048.426. Fjárfesting ársins var tæpar 10. millj. að teknu tilliti til söluhagnaðar. Eftir yfirferð, umræður og spurningar var reikningurinn samþykktur samhljóða og undirritaður.

3. Lagoon Hotels ehf.

Fyrir liggur formlegt erindi frá forsvarsmönnum Lagoon Hotels ehf um að fá tölur yfir kostnað við stofngjöld og kaup á þjónustu á heitu og köldu vatni og fráveitu vegna 200 herbergja hótels með baðlóni í landi Byggða á Bríkum við Flúði. Veitustjórn felur veitustjóra og sveitarstjóra að klára vinnu við drög að minnisblaði vegna málsins í kjölfar umræðu á fundinum sem yrði skoðað sem trúnaðarmál.

4. Kynning á ljósleiðaraskýrslu.

Fyrir liggur skýrsla/minnisblað frá Tæknisviði Uppsveita um lagningu ljósleiðara í Hrunamannahreppi .

5. Frumvörp um breytingu lögum um vatnsveitur og fráveitur.

Lagt fram til kynningar breytingar á lögum um vatnsveitur og fráveitur.

6. Kópvatnsholan.

Hannibal fór yfir stöðu málsins vegna holunnar. Holan hefur verið látin blása til að skoða afkastagetu hennar en síðan þyrfti að skoða með dælingu hversu mikið hún gæti gefið af heitu vatni. HS-Orka telur hins vegar ólíklegt að þessi hola henti að óbreyttu til rafmagnsframleiðslu. Hitaveitan hefur því séð um allar prófanir á holunni og stefnt er á að halda þeim áfram.

7. Starfsmannamál.

Hannibal fór yfir starfsmannamál. Fyrir liggur að Lilja vill snúa aftur til starfa í sumar á skrifstofunni. Þá sóttu tveir um starf í hitaveitu/áhaldahúsi og í kjölfar viðtala var ákveðið að bjóða Óskari Rafni Emilssyni starfið.

8. Magnús Víkingur Grímsson.

Á fundinn mætir Magnús Víkingur Grímsson og fór yfir mál sem snertir afhendingu á heitu vatni í flugskýlið á flugvellingum á Flúðum. Hann telur að skortur eða þrýstifall hafi orðið á heitu vatni sem hann telur að hafa valdið því að frosið hafi í hitablásara í flugskýlinu og valdið tjóni. Hannibal fór síðan yfir sjónarmið hitaveitunnar í málinu. Veitustjórn hafnar bótaskyldu í málinu og felur veitustjóra að tilkynna Magnúsi um niðurstöðu málsins.

9. 50 ára afmæli Hitaveitu Flúða.

Hitaveita Flúða fagnar 50 ára afmæli þann 16. apríl nk. Veitustjórn samþykkir í tilefni afmælisins að styrkja Björgunarfélagið Eyvind um kr. 500.000 til kaupa á Tetra talstöðvum. Þá verði haldinn hátíðarveitustjórnarfundur í tilefni afmælisins þann 15. apríl nk.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið kl. 17:45.